



Reykjavík 20. mars 2024  
2403031SA AGB  
Málalykill: 14.20

Efni: Yfirlit yfir álit siðanefndar 2014-2023

1/2022 **Álit 28. Nóvember 2022 að beiðni A-lista almennra borgara í Strandabyggð, sbr. bréf, dags. 14. Júlí 2022.**

**Álitaefni** Hvort siðareglur hafi verið brotnar í umfjöllun og atkvæðagreiðslu meirihluta sveitarstjórnar um að áfryja ekki til Landsréttar máli fyrrverandi sveitarstjóra og núverandi oddvita gegn sveitarfélaginu.

**Niðurstaða** Mál þetta sýnir að það er ekki alltaf augljóst eða einhlítt hvernig best er að „hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnslu“ eins og kveðið er á um í 2. gr. siðareglna sveitarfélagsins. Enda þótt meirihlutinn hafi uppfyllt þetta ákvæði að vissu marki með því að byggja ákvörðun sína á traustum upplýsingum og málefnalegum sjónarmiðum, þá er það mat siðanefndar að gagnstæð ákvörðun hefði uppfyllt það enn betur með því að fá endanlega lögformlega niðurstöðu og forðast þá mögulegu ásýnd að sjónarmið þrengri hagsmuna hafi ráðið för.

1/2020 **Álit 10. mars 2020 að beiðni forsætisnefndar Kópavogsbæjar, sbr. bréf, dags. 11. febrúar 2020.**

**Álitaefni** Hvort bæjarfulltrúi hafi brotið siðareglur vegna hátternis sem fjallað var um í einkamáli á hendur honum fyrir dómstólum og varðaði rekstur sem hann hafði með höndum.

**Niðurstaða** Í 1. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Kópavogsbæ, sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar 27. janúar 2015, kemur fram að markmið reglnanna sé að skilgreina það hátterni sem ætlast sé til að kjörnir fulltrúar sýni af sér **við störf sín fyrir hönd Kópavogsbæjar**. Þessi framsetning er í samræmi við 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sem kveður á um að öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn beri að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Siðanefnd sambandsins starfar á grundvelli umrædds ákvæðis og getur ekki fjallað um tilvik sem áhöld eru um hvort yfirhöfuð megi heimfæra undir siðareglur tiltekins sveitarfélags. **Af þessari ástæðu eru ekki skilyrði til að taka málið til efnislegrar meðferðar og er málinu vísað frá, sbr. 6. mgr. 2. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar sambandsins.**

Ofangreint erindi Kópavogsbæjar gefur nefndinni hins vegar tilefni til að minna á mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar geri sitt besta til að varðveita orðspor sitt.

1/2019 **Álit 21. ágúst 2019 að beiðni forsetanefndar Hafnarfjarðarbæjar, sem barst með tölvupósti 2. júlí 2019.**

**Álitaefni** Hvort ummæli áheyrnarfulltrúa í skipulags- og byggingarráði í dagblaði um formann ráðsins feli í sér brot á siðareglum.

**Niðurstaða** Að mati siðanefndar vekur mál þetta annars vegar spurningar um vettvang gagnrýni, rökræðna og skoðanaskipta um einstök mál sem til afgreiðslu eru og hins vegar um það hvernig dylgjur á opinberum vettvangi geta farið út fyrir þau mörk háttvísi sem ætlast má til af kjörnum fulltrúum.

Siðanefnd telur óheppilegt að fulltrúar í skipulagsráði rökræði einstök mál í fjölmiðlum. Slíkar rökræður eiga heima á fundum ráðsins. Ef fulltrúi í ráðinu telur að meirihluti þess hafi gert alvarleg mistök á borð við þau að brjóta lög með ákvörðun sinni, þá ber honum að bóka andstöðu sína og óska mögulega eftir álitum bæjarlögmanns á lögmati ákvörðunar.

Síðari hluti málsins vekur spurningar um dylgjur og háttvísi. Dylgjur eru það þegar orðalag gefur í skyn að einhver sem um er rætt hafi unnið til þess að vera metinn á neikvæðan hátt, án þess þó að það sé fullyrt beint og án þess að það sé rökstutt.

Ekki verður séð að sá tilgangur, að stuðla að því að ákvarðanir ráðsins séu vandaðar, löglegar og siðlegar, réttlæti það meðal sem þarna var gripið til, að fara fram með dylgjur og róg í fjölmiðlum.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að ummælin fari út fyrir þau mörk háttvísi sem ætlast má til af kjörnum fulltrúum.

Siðanefnd minnr á álit sitt í máli 1/2017, um að góðar ástæður geti legið til þess að nota skráðar siðareglur sem hvatningu til háttvísi. Í ljósi þess máls telur siðanefnd að ástæða væri til að bæta háttvísisákvæði við 2.gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ.

1/2018 **Álit 14. desember 2018 að beiðni forsætisnefndar Reykjavíkurborgar, sbr. bréf, dags. 29. ágúst 2018.**

**Álitaefni** Hvaða sjónarmið kunni að gilda þegar kjörnir fulltrúar gera störf starfsmanna sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu. Einnig óskað eftir leiðsögn varðandi það með hvaða hætti sé rétt að hafa umgjörð þeirra mála þegar starfsmenn sveitarfélaga telja kjörna fulltrúa brjóta siðareglur með framferði sínu, eða öfugt.

**Niðurstaða** Almennt óheppilegt að kjörnir fulltrúar geri störf starfsmanna sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu. Slík framkoma getur falið í sér brot á 1. mgr. 3. gr. siðareglna fyrir kjörna fulltrúa borgarinnar um að þeir eigi að sýna störfum og réttindum starfsmanna virðingu og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélags. Framkvæmdastjóri sveitarfélags er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum og hefur eftirlitshlutverk með einstökum starfsmönnum. Í álitinu eru einnig veittar leiðbeiningar um hvernig hægt sé að fyrirbyggja að slíkur ágreiningur á milli stjórnsýslu og kjörinna fulltrúa komi upp með opnum og jákvæðum umræðum um hugsanleg siðferðisleg álitamál og viðbrögð við þeim og með skýrum reglum um verkaskiptingu og málsmeðferð.

2/2018 **Álit 14. desember 2018 að beiðni forsetanefndar Hafnarfjarðarbæjar, sbr. tölvupóstur 3. október 2018.**

**Álitaefni** Hvort ummæli kjörins fulltrúa á samfélagsmiðli um starfsmann bæjarins geti talist brot á siðareglu.

**Niðurstaða** Almennt óheppilegt að kjörnir fulltrúar geri störf starfsmanna sveitarfélags að umtalsefni á samfélagsmiðli. Horfa verði þó til þess að kjörni fulltrúinn hóf ekki umræðuna, heldur brást við sjónarmiðum íbúa sem tjáðu sig á samfélagsmiðli um þjónustu bæjarins. Hér vegist á tvö sjónarmið: Annars vegar umboðshlutverk kjörins fulltrúa og eftirlit, fyrir hönd umbjóðenda sinna, með því að stjórnsýsla sveitarfélagsins standi sig í upplýsinga- og þjónustuhlutverki sínu; hins vegar skylda kjörinna fulltrúa til að virða verkaskiptingu, ganga ekki inn í eftirlitshlutverk framkvæmdastjóra með störfum einstakra starfsmanna og sýna störfum þeirra virðingu. Þar sem bæði sjónarmiðin séu gild verði ekki séð að ákvæði 3. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ leiði af sér ófrávikjanlegt bann við því að kjörnir fulltrúar tjái sig á samfélagsmiðlum þar sem íbúar láta í ljós óánægju með þjónustu sem veitt er af

starfsmönnum sveitarfélags. Hins vegar reyni slíkar aðstæður mjög á dómgreind og varfærni kjörinna fulltrúa. Þeir þurfa að muna að almennt er óheppilegt að þeir tjái sig opinberlega um störf einstakra starfsmanna og ef þeir víkja frá þeirri meginreglu þurfa ástæður að vera brýnar og sérstök aðgát höfð við að tjá sig málefnalega og án þess að veða að persónu og starfsheiðri einstakra starfsmanna.

**2/2017 Álit 30. október 2017 um erindi Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar í bréfi, dags. 15. september 2017.**

- Álitaefni** Hvort hugmyndir um að gefa út blað til að bæta gengi borgarstjórnarflokks og fjármagna útgáfuna með auglýsingum frá hagsmunaaðilum feli í sér brot á siðareglum borgarfulltrúa.
- Niðurstaða** Gögn sýna ekki fram á að farið hafi verið á svig við siðareglur þar sem eingöngu er um hugmyndir að ræða sem hafa ekki komist til framkvæmda en útlitunin er þess eðlis að ef slík áform væru framkvæmd með þátttöku og samþykki kjörinna fulltrúa bryti það augljóslega í bága við 2. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þar sem segir að kjörnir fulltrúar skuli ekki framkvæma neitt það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn borgarinnar.

**1/2017 Álit 29. júlí 2017 um erindi forsetanefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar í bréfi, dags. 31. janúar 2017.**

- Álitaefni** Óskað eftir áliti um tillögu um viðbótarmálgrein við 2. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ sem kveði á um að kjörnir fulltrúar skuli í störfum sínum koma fram af drengskap og háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, starfsmönnum og viðskiptavinum bæjarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Þeir skuli hafa það hugfast að orðspor allra kjörinna fulltrúa byggist á framgöngu sérhvers kjörins fulltrúa. Hvort nefndinni sé kunnugt um slíkt orðalag í siðareglum og hvort nefndin telji ákvæðið íþyngjandi fyrir kjörna fulltrúa, s.s. út frá reglum um tjáningarfrelsi.
- Niðurstaða** Skýr fordæmi eru fyrir því í staðfestum siðareglum annarra sveitarfélaga á Íslandi að kveðið sé á um þau atriði sem óskað var álits á; annars vegar að kjörnir fulltrúar skuli sýna drengskap, háttvísi og virðingu og hins vegar að þeir skuli hafa hugfast að framganga hvers og eins snertir orðspor þeirra allra. Ákvæðin eru ekki íþyngjandi í sjálfu sér, en mögulegt getur verið að mistúlka þau þannig að þau verði íþyngjandi. Minnka má hættuna

á slíku með því að taka sérstaklega fram í siðareglum að ákvæðin skerði ekki tjáningarfrelsi. Mikilvægasta forvörnin er þó sú, að fram fari opin og sanngjörn umræða meðal kjörinna fulltrúa, þar sem þeir móti sameiginlegan skilning á þeim kröfum og viðmiðum sem í ákvæðunum felast.

**3/2016** **Álit 29. nóvember 2016 um erindi skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík í bréfi, dags. 12 ágúst 2016.**

**Álitaefni** Hvort það sé andstætt, eða fari gegn anda 2. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg ef við ákvörðunartöku sé farið gegn álitum umboðsmanns borgarbúa við ráðstöfun fjármuna.

**Niðurstaða** Mál þetta er almennt til marks um mikilvægi sterks innra eftirlits með starfsháttum sveitarstjórna, ekki síst hinna stærri. Stofnun embættis umboðsmanns borgarbúa árið 2013 var mikilvægt skref í þessa átt. Til að embættið megi þjóna tilgangi sínum þarf vægi þess innan stjórnkerfisins hins vegar að vera tryggt. Það verður að vera sem óháðast þeim aðilum sem það hefur eftirlit með svo að hæfilegt jafnvægi megi ríkja á milli ólíkra arma. Þá er lykilatriði að vel takist til við að móta og viðhalda stofnanamenningu sem styður við hlutverk embættisins og hamlar gegn því að álit þess verði að bitbeini eða vopni í pólitískri baráttu. Það ætti að vera sameiginlegt keppikefli allra sem að sveitarstjórn koma að starfshættir séu eins vandaðir og kostur er.

**2/2016** **Álit 14. júní 2016 um erindi forsætisnefndar Reykjavíkurborgar í bréfi, dags. 6. apríl 2016.**

**Álitaefni** Málefni tengd aflandsfélögum í eigu borgarfulltrúa.

**Niðurstaða** Skráðar siðareglur kjörinna fulltrúa eru liður í viðleitni þeirra til að sýna almenningi fram á að þeir starfi af heilindum að almannahag. Sú ákvörðun að velja einkaeignum sínum ógagnsæjan stað í aflandsfélagi gengur þvert gegn slíkri viðleitni.

**1/2016** **Álit 14. júní 2016 um erindi Grétars H. Guðmundssonar í bréfi, dags. 27. mars 2016, vegna meints brots á siðareglum Ásahrepps.**

**Álitaefni** Álitaefni sem lúta að framkvæmd stjórnsýslureglna hjá sveitarfélaginu og 20. gr sveitarstjórnarlaga um hæfi sveitarstjórnarmanna.

<b>Niðurstaða</b>	Skýringar og eftirlit með framkvæmd ákvæða sveitarstjórnarlaga eru á forræði innanríkisráðherra og ráðuneytis hans. Frávísun með vísun til 3. mgr. 2. gr. málsmeðferðarreglna þar sem segir að siðanefnd taki að öllu jöfnu ekki til meðferðar mál sem eru eða geta komið til umfjöllunar hjá öðrum aðilum.
1/2015	<b>Álit 26. apríl 2016 um erindi Jónasar Skaftasonar í bréfi, dags. 19. október 2015.</b>
<b>Álitaefni</b>	Samskipti við Blönduósbæ fyrr og síðar.
<b>Niðurstaða</b>	Upphafsathugun leiddi í ljós að skilyrði málsmeðferðar eru ekki uppfyllt þar sem lýsing á málsatvikum nægir ekki til að unnt sé að greina almenna skírskotun þannig að draga megí lærdóma af umfjöllun nefndarinnar.
3/2014	<b>Álit 10. október 2014 um erindi N-listans í Sveitarfélaginu Garði í bréfi, dags. 16. september 2014.</b>
<b>Álitaefni</b>	Hvort hæfisregla 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga hafi verið brotin.
<b>Niðurstaða</b>	Frávísun með vísun til þess að hægt er að skjóta álitamálum er varða hugsanleg brot á ákvæðum sveitarstjórnarlaga, þ. á m. á ákvæðum um hæfi, til innanríkisráðuneytisins og siðanefndin hafi ekki umboð til að fjalla um slík mál.
2/2014	<b>Álit 12. janúar 2015 um erindi S. Guðrúnar Hauksdóttur og Helgu Helgadóttur bæjarfulltrúa í Fjallabyggð í bréfi, dags. 26. ágúst 2014.</b>
<b>Álitaefni</b>	Hvort bréfitarar hafi með framgöngu á bæjarstjórnarfundi brotið 4. gr. siðareglna fyrir kjörna fulltrúa Fjallabyggðar, sem kveður á um að þeir skuli koma fram af háttvísi.
<b>Niðurstaða</b>	Af máli þessu má m.a. draga þann lærdóm að skráðar siðareglur geta stutt við vandaða starfshætti sveitastjórna með því að kjörnir fulltrúar noti siðareglurnar til að ígrunda eigin starfshætti, til að bæta þá og setja sér markmið. Með þetta hugarfar að leiðarljósi geta kjörnir fulltrúar, óháð pólitískri stöðu, reynt að leysa úr samskiptaágreiningi með samræðu sín á milli sem vísar í

siðareglurnar sem sameiginlegan grundvöll. Siðanefndin minnir á mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar, sem hljóta oft að vera ósammála um málefni sveitastjórnarinnar, rækti með sér sameiginlegan ásetning um að koma ávallt fram af drengskap og háttvísi og sýni hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

1/2014 **Álit 22. apríl 2014 um erindi Arnbjargar Sveinsdóttur forseta bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar í bréfi, dags. 23. mars 2014, og erindi bæjarfulltrúanna Önnu Guðbjargar Sigmarsdóttur og Þórunnar Hrundar Óladóttur í tölvupósti 14. mars 2014.**

**Álitaefni** Hvort bæjarfulltrúar hafi farið á svig við 2. gr. siðareglna fyrir kjörna fulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar um hvernig þeir eigi að koma fram og hvaða sjónarmið þeir eigi að hafa í heiðri við ákvörðunartöku og 6. gr. um að þeim beri að setja almannahagsmunum ofar sérhagsmunum og hvernig þeir eigi að bregðast við þegar þeir eru vanhæfir til að fjalla um mál vegna tengsla við það.

**Niðurstaða** Kjörnir fulltrúar verða að forðast að nota skráðar siðareglur sem tæki í pólitískum ágreiningi. Ásökun um brot á siðareglum er ávallt alvörumál og snertir mannorð fólks. Hlutverk siðareglna er m.a. að hvetja kjörna fulltrúa til sjálfs gagnrýni svo að þeir séu ávallt á varðbergi gagnvart því að sérhagsmunir hafi óeðlileg áhrif á störf þeirra í þágu almannahagsmuna. Þegar varafulltrúi tekur sæti aðalfulltrúa vegna vanhæfis þess síðarnefnda er mikilvægt að varafulltrúinn gæti þess vandlega að verða ekki fyrir áhrifum frá skoðunum eða hagsmunum hins vanhæfa. Til að svo megi verða er að sjálfsögðu brýnt að sá sem er vanhæfur haldi sig á allan hátt til hlés í almennri umræðu um viðkomandi málefni á meðan það er til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu. Loks er minnt á mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar, sem hljóta oft að vera ósammála um málefni sveitastjórnarinnar, rækti með sér sameiginlegan ásetning um að koma ávallt fram af drengskap og háttvísi og sýni hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

